



Tíundi stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn að Hallgerðargötu 9a í Reykjavík föstudaginn 29. nóvember 2024, klukkan 13.00 – 15.00

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir landsforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 1. varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir 2. varaforseti, Ásta Egilsdóttir ritari, Björg Eiríksdóttir gjaldkeri, Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti og Soffía Vagnsdóttir formaður Menntamálanefndar. Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi og Eygló Börnsdóttir vefstjóri boðuðu forföll.

Dagskrá fundar:

Undirbúningur afmælis. Dagskrá, verkaskipting, afmælissöngur o.fl.

- Ramminn um landssambandsþingið og 50 ára afmælisráðstefnu DKG kominn.
 - o Ráðstefnan verður haldin í Salnum í Kópavogi.
 - o Hátíðarkvöldverður verður á Grand-hótel í salnum Háteigi.
 - o 20 herbergi hafa verið frátekin fyrir félagskonur á Grand-hótel.
 - o Alþjóðaforsetinn Dr. Beverly Hall-Maughan hefur þegið boð um þátttöku.
 - Ákveðið að færa henni að gjöf hálsmenið *Tools - Bronze Key Necklace* eftir OrraFinn <https://www.orrifinn.com/products/tools-silver-pen-necklace-on-thick-chain>
 - o Beiðni hefur verið send til forsetaembættisins um að Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, flytji opnunarerindi á ráðstefnunni. Svar hefur ekki borist.
 - o Ef Halla kemst ekki þá ræða við Kolbrúnu Pálsdóttur, forseta Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
- Vinna við útgáfu rafræns afmælisrits DKG í tilefni 50 ára afmælis landssambandsins hefur verið sett í farveg. Útgáfunefndin hefur verið skipuð:
 - o Pernille Rein, lötadeild, formaður
 - o Lee Ann Maginnis, Nýdeild
 - o Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild
 - o Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild
- Stofnfélagar verða heiðraðir. Þar er um að ræða stofnfélaga í Alfadeild árið 1975.
- Samkvæmt upplýsingum sem Árný fékk hjá Menntasjóði Mæðrastyrksnefndar kostar þrjú hundruð þúsund krónur að styrkja eina konu til náms. Eftir er að taka endanlega ákvörðun um fyrirkomulag styrks til sjóðsins.
 - o Ákveðið að hvetja deildir til aðgerða til styrktar sjóðnum, t.a.m. að kaupa kertið Mæðrablómið á mæðradaginn.
 - o Einnig að hvetja deildir til að vinna að málefnum til styrktar konum og/eða styrkja þau á einhvern hátt.
- Árný sótti um styrk til viðburðahalds til Lucille Cornetetsjóðsins.
- Minnt á að deildir geta sótt um hundruð þúsund króna styrk til landsambandsins til að standa að ráðstefnum á sínu heimasvæði.
- Afmælissöngurinn. Ásta ræðir við Theodóru Þorsteinsdóttur, Jónínu Ernu Arnardóttur og Jónínu Eiríksdóttur í Deltadeild um að þær taki að sér að semja söngvænt lag og texta við sem

endurspeglar markmið, stefnu og sýn DKG. Hafni þær því þá er næsta skref að auglýsa eftir höfundum á miðlum samtakanna.

Afmæli/þing - dagskrárliðir

- Afmælisnefndin lagði til að inntak afmælishaldsins yrði að vekja athygli á mikilvægi kvenna í fræðslustörfum og að efla konur til dádá á sviði fræðslumála. Stjórnarkonur ásamt Soffíu Vagnsdóttur, formanni menntamálanefndar, ákváðu að ganga út frá listum og vísindum þar sem konur láta meðal annars að sér kveða. Fram komu hugmyndir að eftirfarandi málefnum:
 - Heimspeki og listir. Rætt um Ingimar Ólafsson Waage, lektor í Listaháskóla Íslands með Þrjár víddir kennarastarfsins og Ingibjörgu Jóhannsdóttur, yfirmann Listasafns Íslands.
 - Heillaspor. Aðgengi að námi fyrir alla. Bergdís Wilson leiðtogi verkefnisins. Heillaspor er heildræn nálgun til að styðja við farsæla þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi.
 - Gervigreind. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, sviðsforseti samfélagssviðs HR
 - Skapandi greinar og nýsköpun. Listir og skapandi greinar. Anna Hildur Hildibrandsdóttir, lektor við háskólann á Bifröst.
 - Well-being of Educators. Bryndís Jóna Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi. Er í Gammadeild.
- Fá Menntamálaráðuneytið til að halda móttöku á Grand-hótel fyrir „þingkonur“ áður en hátíðarkvöldverður hefst og menntamálaráðherra ávarpi samkomuna þar sem inntak þingsins komi fram.
- Sjá ofar um áður nefnt opnunarerindi Höllu Tómasdóttur forseta Íslands eða Kolbrúnar Pálsdóttur, forseta Menntavísindasviðs HÍ.
- Rætt um uppistandarann Lollý Magg. Engin ákvörðun tekin þar um.

Jólaefni frá Íslandi

- Óskað var eftir jólalagi frá þáttökulöndum. Mýdeild tók verkefnið að sér og varð lagið *Það á að gefa börnum brauð* fyrir valinu.
- Lögin verða send út á vef European Forum dkgeurope.org 13. desember 2024

Önnur mál

- Rætt um uppfærslu á félagatali sem stendur yfir og þann annmarka að í sumum tilfellum kemur menntun félagskvenna ekki fram. Ákveðið að láta reyna á það form sem unnið er eftir og ræða það á næsta framkvæmdarráðsfundi.
- Bréf frá uppstillingarnefnd til formanna deilda um að tilnefna konur til embætta innan DKG á næsta kjörtímabili.

Næsti stjórnarfundur verður 24. eða 30. janúar 2025. Soffía mun funda með menntamála-nefnd fyrir þann tíma í janúar.

Fundi slitið kl. 15.00

Ásta Egils

Ritari DKG 2024 - 2025